



16. nóvember 2020

Heimsóknir á hjúkrunarheimili.

NEYÐARSTIG almannavarna - COVID-19

Dregið verður úr takmörkunum varðandi heimsóknir þar sem smitum fer fækkandi í samfélaginu hér á höfuðborgarsvæðinu. Enþá er þó neyðarstig almannavarna.

1. Heimsóknir eru leyfðar á eftirfarandi tíma frá 17.11.2020:

Frá kl. 13:00 til kl. 18:00 (vinsamlegast virðið þessa tímasetningu)

2. Allir gestir eru beðnir að virða **2 metra** regluna (nema maki)
3. Allir gestir þvo hendur sínar áður en lagt er af stað og spritta hendur aftur í inngangi heimila og bera maska. Gestir þurfa að skrá komu sína og brottför á þar til gert eyðublað í anddyri.
4. Eingöngu nánustu aðstandendur mega koma í heimsókn og almenna reglan er að **einn gestur komi í heimsókn á viku og ef vel gengur þá verði þeim fjölgað í tvær í næstu viku** (náinn ættingi, helst sá sami).
5. Hinn náni heimsóknargestur verða að fara eftir ítrustu leiðbeiningum um sóttvarnir í samfélaginu og sérstaklega er mikilvægt að virða eftirfarandi:

Ekki vera í fjölmenni. Dæmi um hvað átt er hér við:

- I. Ekki fara í stórar veislur, almenna reglan er að vera ekki í samkvæmi þar sem fleiri en 10 koma saman.
- II. Takmarka ferðir í verslanir. Ef þarf að fara í verslun, ekki fara á háannatíma. Fara frekar snemma morguns eða seinna um kvöld þegar minna er að gera.

6. Jafnframt eru einstaka undanþágur veittar ef :

- a. Íbúi er á lífslokameðferð
- b. Íbúi veikist skyndilega
- c. Um er að ræða neyðartilfalli
- d. Hjúkrunarstjóri metur það svo að nauðsynlegt sé að rjúfa þessa reglu

Gestir á undanþágu þvo hendur sínar áður en lagt er af stað og spritta hendur við komu á heimilið. Nota á hanska og maska meðan á dvöl stendur og nota stól merktur heimsóknargestur og halda 2 metra fjarlægð. Gestir þurfa að hafa samþykki hjúkrunarstjóra á þeirri hæð sem ættingi þeirra býr á. Komið er inn og út um gafhurð á 2. og 3. hæð og gegnum garðurhurð á 1. hæð á tilgreindum tíma.

Áréttað er að gestir mega ekki koma í heimsókn ef þeir:

- a) eru í sóttkví.
 - b) eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu úr sýnatöku).
 - c) hafa dvalið erlendis og ekki eru liðnir 7 dagar frá heimkomu.
 - d) hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - f) eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
7. Heimsóknargestir eiga að fara beint inn og út úr herbergi aðstandenda og mega ekki dvelja í sameiginlegum rýmum.
 8. Heimsóknargestur sem þarf að ná tali af starfsmanni er beðinn að hringja til hans.
 9. Íbúar sækja ekki samkomur úti í bæ, né fara í þjónustu utanhúss sem má bíða á meðan NEYÐARSTIG er.

Reglur þessar hafa þegar tekið gildi.

Anna Birna Jensdóttir framkvæmdastjóri